

Starfsáætlun 2021 - 2022

2. og 3. bekkur

Naustaskóli

Starfsáætlun 2021-2022

2. og 3. bekkur



NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Berglind Bergvinsdóttir

Emilía Guðjónsdóttir

Gréta Björk Halldórsdóttir

Karen Dögg Gunnarsdóttir

Kolbrún Sigurðardóttir

Kristín Sigurðardóttir

Margrét Kristinsdóttir

Særún Magnúsdóttir

Námsumhverfi og skipulag 2. og 3. bekkjar

Áhersla verður lögð á að gera námsmarkmið sýnileg í kennslu og verða markmið rædd í upphafi hverrar lotu/þema og þeim haldið á lofti á meðan á hverju þema stendur. Í lokin verður rætt við nemendur um hvernig tókst að ná settum markmiðum og kennarar meta það sem meta skal. Við reynum að leggja áherslu á snyrtileg svæði og gott og aðgengilegt skipulag á námsgögnum.

Námsáætlanir/kennsluáætlanir/áætlanagerð kennara

Námsáætlanir í Byrjendalæsi verða útbúnaðar þvert á teymi og síðan settar inn á Mentor. Áætlanagerð verður dreift á sem sanngjarnastan hátt svo álagið dreifist jafnt á milli teymismeðlima. Við gerð Byrjendalæsisáætlana verður notast við ákveðinn sniðmáta sem sýnir öll þrep vinnunnar, skref fyrir skref. Þar koma einnig fram þau markmið sem unnið verður með auk þess sem fram kemur hvað skuli meta.

Kennsluáætlanir eru unnar í samvinnu teymisins og inn á sameiginlegt, rafrænt plagg, til að tryggja að allir viti þær breytingar sem verða og allir séu vel upplýstir öllum stundum. Er þetta líka gert til þess að tryggja að nýting svæða sé sem best.

Kennarar meta nemendur eftir þeim markmiðum sem á að meta í byrjendalæsisáætlunum, stærðfræðiáætlunum en einnig með símati. Notast verður við munnlegt mat, mat á verkefnum auk þess sem kannanir og Seesaw verður nýtt við námsmat.

Nemendasamtöl

Stefnt er að því að taka nemendasamtöl einu sinni á hvorri önn og skrá efni þeirra inn á Mentor. Fylgjum við í þeim leiðbeiningum sem fengnar voru frá stjórnendum um innihald slíkra samtala.

Bekkjarfundir - JA agi

Í vetur verða bekkjarfundir að minnsta kosti tvisvar í viku þar sem unnið er eftir áætlun og verkfæri jákvæðs aga kynnt. Í upphafi skólaárs verður búinn til bekkjarsáttmáli, skipt verður í hlutverk, unnið verður með lausnahjól og búnir til sameiginlegir lausna- og griðastaðir. Á bekkjarfundum eru tekin fyrir mál sem upp koma og einnig er börnunum kennt að setja mál á dagskrá. Þá verður hefðbundinni dagskrá bekkjarfundar fylgt þar sem mál á dagskrá verða tekin fyrir auk þess sem fjallað verður um áherslupætti í starfinu og farið í ýmsa hópeflisleiki. Áætlun í Jákvæðum aga má sjá í ársáætlun teymisins.

Samvinnunám

Í vetur verður lögð áhersla á samvinnu nemenda í gegnum leik og nám. Þeir fá þjálfun í þeim færniþáttum sem nauðsynlegir eru í samvinnu við aðra. Auk þess fá kennarar 1.-5. bekkjar fræðslu um samvinnunám og stuðning við innleiðingu þess.

Þemanám

Unnið verður með eftirfarandi þemu:

- **Hjálparhendur**
- **Græni Gaukurinn**
- **Nammigrísinn**
- **Landnám**
- **Jólaþema**
- **Ástarsaga úr fjöllum**
- **Jákvæðs aga þema**
- **Hringrásir í náttúrunni**
- **Eyjafjörður - grenndarkennsla og fjöll**

Byrjendalæsi verður unnið í þemum þar sem fléttað er saman íslensku, samvinnunámi, samfélags- og náttúrufræði. Þemað er að hluta til unnið í

hringekjum, í samkenndu og í hvorum árgangi fyrir sig. Unnið er í fjölbreyttum hópum eftir viðfangsefni hverju sinni.

Unnið er eftir byrjendalæsisáætlunum og markmiðum skólans sem unnin eru út frá markmiðum aðalnámskrár. Í byrjendalæsi eru námsgreinar sambættar, þ.e íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni. Lögð er áhersla á tal, hlustun, lestur og ritun.

Við munum leggja okkur fram við að mæta þörfum hvers og eins nemanda í viðfangsefnum hverju sinni t.d. með því að hafa misþung verkefni og skipta upp í hópa eftir þörfum auk þess sem einstaklingsáætlanir verða búnar til fyrir þá sem þessa þurfa.

Upplýsingatækni

Upplýsingatækni verður fléttuð inn í allar greinar. Notuð verða ýmis smáforrit s.s Seesaw, Nearpod og Stopmotion.

Seesaw er frábær vettvangur fyrir rafrænar matsmöppur nemenda, til upplýsingagjafar til foreldra og vettvangur til að auka samvinnu heimila og skóla.

UNICEF

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna eiga börn rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif á val á námsleiðum. Tekið verður tillit til þessara réttinda eftir því sem kostur gefst og fá nemendur að vinna áhugasviðsverkefni tengd þeimvinnu ásamt því að hlustað verður á skoðanir þeirra varðandi leiðir í námsvali. Til þess að efla nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum verða kosningar um ýmis málefni æfð í vetur. Naustaskóli er í innleiðingarferli í að verða Réttindaskóli Unicef.

Teymisvinna/teymiskennsla

Í teyminu starfa fjórir umsjónarkennarar, einn stoðkennari og þrjár stuðningsfulltrúar. Unnið er út frá markmiðum um teymiskennslu og teymisvinnu samkvæmt stefnu skólans. Á haustdögum mun teymið byggja upp traust, ræða faglegar áherslur, samvinnu, hlutverk og sameiginlegar áherslur í teymisvinnunni.

Teymisfundur með stjórnanda er einu sinni í viku. Nemendafundir hvers árganga eru einu sinni í viku þar sem málefni nemenda eru tekin fyrir. Kennarafundir / nefndarstörf og starfsmannafundir eru hálf mánaðarlega. Hlutverk teymisformanns, ritara og föstudagspósts skiptast á milli teymismeðlima og í lok skólaárs munu allir meðlimir teymisins því hafa spreytt sig í öllum þessum hlutverkum.

Teymið leggur áherslu á að eiga góð samskipti við alla starfsmenn skólans og vill gæta þess að upplýsingaflæði sé gott innan teymis og við þá aðila sem koma að nemendahópnum s.s skólaliða sem sinna frímínútnagæslu, íþróttakennara, smiðjukennara og skólastjórnendur.

Samkennsla árganga

Samkennsla árganga fer fram í smiðjum og í þemum. Smiðjur eru tvisvar sinnum í viku og þemun eru á móti. Stefnt verður að því að hafa sameiginlegar stöðvar og jafnvel hringekjur.

Lærdómssamfélag/ sameiginleg þróun kennsluhátta – áherslur teymis í starfsþróun

Áherslur teymisins í 2. og 3. bekk varðandi starfsþróun í vetur tengist fyrst og fremst innleiðingu samvinnunáms í skólann. Einnig verður starfsþróun varðandi upplýsingatækni, aðallega í tengslum við Seesaw. Kennarar 2. bekkjar öðlast töluverða starfsþróun í tengslum við Neista stærðfræði og þá kennsluhætti sem honum fylgja.

Sameiginleg ábyrgð á nemendahópnum – markmið sett fram

Þrátt fyrir að nemendum sé skipt upp í eiginlega umsjónarhópa þá er áherslan á að nemendahópurinn allur sé sameiginleg ábyrgð teymisins. Í því felst að fara í sameiginlega lausnaleit, deila hugmyndum, verkefnum og verkferlum með teymismeðlimum. Við leggjum áherslu á að enginn sitji einn að vandanum heldur leggjumst á eitt við að finna lausnir.

Umsjónarkennari ber frumábyrgð á hverju barni innan hvers umsjónarhóps og er tengiliður barnsins við heimilin. Umsjónarkennari sér um foreldrasamtöl sinna nemenda auk viðtala/samtala. Þrátt fyrir þetta er áhersla innan teymisins um að deila álaginu sem fylgir samskiptum við nemendur og heimili eftir föngum.

Verklagsreglur teyma – sett fram svo hægt sé að meta

Teymismeðlimir skipta með sér helstu verkum sem eru: teymisformaður, ritari og föstudagspósturinn. Við fylgjum þar ákveðnu skipulagi sem sett var upp í upphafi skólaárs og tryggir að allir meðlimir teymisins hafi sinnt hverju hlutverki að lágmarki einu sinni.

Í upphafi skólaársins var einnig unnið verkefni í tengslum við teymisvinnu en þar settum við saman helstu þætti sem við vildum að einkenndi okkar störf. Þættirnir voru: Jafnvægi í samskiptum, hreinskilni, heiðarleiki og heilbrigð mörk. Með því að virða þessa þætti tókum við saman hverju þeir gætu skilað okkur og ímynduðum okkur að þeir myndu skila okkur: betri líðan, auknu trausti, meiri fagmennsku og betri samskiptum.